



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

POST- AND TELECOM
ADMINISTRATION

Hlutverk og starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og póstpjónustu fyrir alla landsmenn í upplýsingasamfélagi nútímans.

Ör þróun fjarskiptatækninnar og miklar breytingar á markaði einkenna starfsumhverfi stofnunarinnar. Því er lögð áhersla á framsýni, gegnsæ vinnubrögð og aðlögunarhæfni að nýjum aðstæðum í öllu starfi PFS.

- PFS sér um að fylgja stefnu stjórnvalda og gerir tillögur um stefnumörkun á sviði fjarskipta og póstmála
- PFS stuðlar að virkri samkeppni með markaðsgreiningu og eftirliti
- PFS gætir hagsmuna neytenda í fjarskiptum og póstpjónustu. Stofnunin stuðlar að neytendavernd með upplýsingagjöf og eftirliti. Neytendur geta beint kvörtunum um þjónustu fjarskipta- eða póstpjónustufyrirtækja til PFS
- PFS sér um úthlutanir tíðna til fjarskiptafyrirtækja og ljósvakamiðla, úthlutanir númeraraða til símafyrirtækja og úthlutar númerum til skipa
- PFS hefur eftirlit með notkun ljósvakans og fjarskiptabúnaði á markaði.
- PFS hefur mikilvægt hlutverk varðandi net- og upplýsingaöryggi. Stofnunin heldur úti upplýsingavefnum www.netoryggi.is sem ætlaður er almenningi. Einnig stendur PFS að vefnum www.netsvar.is í samstarfi við aðra sem vinna að öryggismálum á Netinu.

The role and operation of the Post and Telecommunications Administration (PTA)

The principal role of the PTA is to ensure economical, secure and accessible telecommunications and postal services for all Icelanders in the modern information society.

The operating environment of the PTA is characterised by rapid developments in telecommunications technology and considerable changes on the market. Emphasis, therefore, is placed on foresight, transparent work practices and adaptability to new circumstances in all the activities of the PTA.

- The PTA is responsible for observing government policies, and submits proposals for policy formulation in telecommunications and postal issues.
- The PTA encourages active competition through market analysis and surveillance.
- The PTA protects the interests of consumers of telecommunications and postal services. The Administration supports consumer protection through the provision of information and surveillance. Consumers can direct any complaints about the services of telecommunications or postal companies to the PTA.
- The PTA is responsible for the allocation of frequencies to telecommunications companies and broadcasting media, the allocation of number series to public telecommunications networks and allocating identity numbers to vessels.
- PTA is responsible for the surveillance of the use of the radio spectrum and radio and telecommunications equipment on the market.
- The PTA plays a major role in Internet and information security, which includes operating a public information website on these issues (www.netoryggi.is). We also maintain the Internet ethics website www.netsvar.is in collaboration with partner organisations.



Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
FjarSKIPTAMARKAÐURINN 2007	6
Póstmarkaðurinn 2007	16
Net- og upplýsingaöryggi – mikilvægt hlutverk PFS	18
Alþjóðleg samskipti	22
Verkefni fjarSKIPTASJÓÐS 2007	24
Ákvarðanir PFS 2007	26
Skráð fjarSKIPTAFYRIRTÆKI Í ÁRSLOK 2007	30
Tíðnum úthlutað 2007	30
Starfsemi 2007	31
Íslenskur fjarSKIPTAMARKAÐUR Í TÖLUM 2007	32
Ársreikningur 2007	36
Starfsfólk PFS 2007	39

Contents

5	Address of the Managing Director
11	The Telecommunications Market 2007
16	The Postal Market
20	Internet and information security
23	International Relations
25	Activities of the Telecommunications Fund 2007
26	Decisions
30	Registered providers of electronic communications network and service
30	Frequency allocations 2007
31	Operations
32	Statistics
36	Financial statement 2007
39	Employees



Áhrif Póst- og fjarskiptastofnunar á daglegt líf Íslendinga

Hrafnkell V. Gíslason

Líklegt er að flestum Íslendingum vefðist tunga um tönn ef þeir væru beðnir um að útlista hvaða áhrif starf Póst- og fjarskiptastofnunar hefur á daglegt líf þeirra. Þau áhrif eru þó bæði mikil og mikilvæg í samfélagi þar sem samskipti fara að miklu leyti fram með fjarskiptum.

Meginhlutverk stofnunarinnar er að stuðla að hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri þjónustu í fjarskiptum og pósti. Þar er virk samkeppni lykilatíði.

Í ársáætlun stofnunarinnar kemur fram hvernig stofnunin vinnur að þessum markmiðum hverju sinni.

Með hagkvæmni er fyrst og fremst átt við hagkvæm verð fyrir neytendur. Þau bjóðast aðallega af samkeppni stuðlar að því að fyrirtæki á markaði reyna að vinna hylli neytenda á grundvelli hagkvæmra verða. Til að efla samkeppni leggur PFS kvaðir á markaðsráðandi aðila um að þeir bjóði öðrum aðilum aðgang að netum sínum á jafnræðisgrundvelli og á kostnaðartengdum verðum. PFS greinir stöðu samkeppni á mismunandi þáttum markaðarins og leggur á viðeigandi kvaðir til að efla samkeppni. Á árinu var skipulagi stofnunarinnar breytt til að skerpa línur og ná fram betri árangri í greiningu markaða annars vegar og í úrvinnslu lögfræðilegra mála hins vegar.

Á árinu 2007 lagði PFS kvaðir á Símann og Mílu vegna heimtauga, leigulína og aðgangs að farsímanetum. Þessar aðgerðir eiga að stuðla að því að keppinautar Símanns sitji við sama borð og Síminn þegar kemur að því að útfæra og verðleggja þjónustu fyrir viðskiptavinum.

Auk þess stuðlaði stofnunin að aukinni samkeppni t.d. með því að úthluta GSM radiótíðnum til nýrra erlendra aðila sem ráðgert er að muni bjóða GSM þjónustu í samkeppni við núverandi markaðsaðila.

Á árinu tók stofnunin fjölda stjórnsýsluákvæðana sem höfðu það að markmiði að auka samkeppni, aðallega með því að jafna ágreining um ýmis deilumál á milli smærri og stærri markaðsaðila þannig að þeir smærri ættu auðveldara með að keppa við hina stærri.

Við Íslendingar höfum búið við nokkuð gott öryggi í fjarskiptum lengst af. Þó förum við ekki varhluta af allskyns óværu sem þrífst á Internetinu og plagar okkur í daglegri notkun þess.

Á árinu 2007 var fjarskiptalögum breytt þannig að stofnuninni voru færðar auknar heimildir til að efla öryggi í net- og upplýsingatækni hvað varðar vernd persónuupplýsinga, rekstraröryggi netanna og vernd og virkni IP fjarskiptaþjónustu. Í framhaldi af því voru unnar reglur um þessa þætti til að auka öryggi og vernd neytenda. Þær reglur taka gildi um mitt ár 2008. Auk þess stendur stofnunin að tveimur vefsíðum fyrir almenning þar sem miðlað er aðgengilegri þekkingu og upplýsingum um öryggi í netnotkun. Vefurinn www.netöryggi.is inniheldur upplýsingar og leiðbeiningar um helstu þætti netöryggis. Á vefnum www.netsvar.is, sem rekin er í samstarfi Heimilis og skóla, Barnaheilla og PFS, getur almenningur fengið svör við algengum spurningum um öryggismál og notkun netsins.

Fjarskiptalög kveða á um að þegnarnir eigi rétt á tiltekinni fjarskiptaþjónustu óháð búsetu, svokallaðri alþjónustu. Hún innifelur almenna talsímaþjónustu, aðgang að símaskrá, aðgang að símtölum til og frá útlöndum, aðgang að almennings símum ofl. Á árinu 2007 voru Síminn, Míla og Já upplýsingaveitur útnefndar til að veita þessa þjónustu á Íslandi.

Notkun almennings á þráðlausri þjónustu vex ár frá ári. Hlutverk PFS er að úthluta radiótíðnum til margvíslegra nota og tryggja að þráðlaus fjarskipti geti farið fram án truflana. Á árinu 2007 úthlutaði stofnunin tíðniheimildum vegna 3G þjónustu á Íslandi til NOVA, Símanns og Vodafone. Innkoma NOVA er jákvæð fyrir aukna þjónustu og samkeppni og hlýtur að teljast markvert skref í þróun fjarskiptamarkaðarins hérlendis. Uppbygging 3G kerfanna hófst í kjölfar tíðniúthlutanna og stendur þjónustan í upphafi til boða íbúum á suð-vestur horni landsins, auk Akureyrarsvæðisins. Stefnt er að því að auka útbreiðslu þjónustunnar víða á landinu á næstu misserum.

Póstþjónusta er í huga margra afar mikilvæg. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með pósthjónustu og starfsemi pósthjónusturekenda, aðallega þó Íslandspósts sem hefur einkaleyfi á dreifingu áritaðs pósts undir 20 grömmum. Á árinu 2007 var rekstrarleyfi Íslandspósts endurnýjað og farið yfir alla skilmála

Þess. Í ljósi einkaleyfis Íslandspóstis er ekki samkeppni á þeim hluta markaðarins, en ljóst er að einkaleyfið verður afnumið í ársbyrjun 2011 og verður þá opnað fyrir samkeppni á því sviði. Fyrir þann tíma þarf að huga að fyrirkomulagi alþjónustu í pósti og hvernig samkeppni verði innleidd og tryggð á þessum markaði.

Þau samfélagssvið sem Póst- og fjarskiptastofnun starfar á þróast hratt og breytingar á þeim hafa bein áhrif á líf fólksins í landinu. PFS mun áfram leggja áherslu á að hafa áhrif á og taka þátt í þessum breytingum og stuðla að hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri þjónustu í fjarskiptum og pósti fyrir almenning á Íslandi.

Our role in Icelanders' daily lives

Hrafnkell V. Gíslason, Director of the PTA

Most Icelanders would probably be hard-pressed to state what effect the PTA has on their day-to-day lives. Nevertheless, the PTA plays a major role in a society whose communications are conducted largely through telecommunications.

Our principal role is to promote efficient, secure and accessible telecommunications and postal services – mainly through fostering active competition.

The PTA's Annual Plan sets out in strategic terms how we work to fulfil this role in any given year.

'Efficiency' here refers primarily to cost-efficiency, in other words ensuring value for money on behalf of Icelandic consumers. Such efficiency is achieved mainly by promoting a competitive market where providers strive to win customers with favourable prices. To this end, the PTA imposes obligations on dominant providers to grant their competitors access to their networks on a non-discriminatory basis and at cost-oriented prices. During the year, the PTA was restructured to sharpen its focus and enhance our market analysis and legal processing capabilities.

We imposed obligations on the telecoms operators Síminn and Míla in relation to local loops, leased lines and access to mobile networks. This was designed to ensure parity between the incumbent Síminn and its competitors as regards the pricing and configuration of services.

We also sought to stimulate effective competition through such measures as allocating GSM radio frequency bands to potential foreign market entrants planning to offer mobile services in competition with the existing market players.

Over the course of the year, we issued a number of administrative decisions aimed to encourage competition, primarily by settling various disputes between smaller and larger players.

To date, Iceland has enjoyed reasonably good communications security. However, the country is not immune to the various everyday nuisances rife on the Internet. The year saw amendments to the Electronic Communications Act that augmented regulatory powers to step up Internet and IT security for

personal data protection, network operating security and the protection and functionality of IP-based services. Subsequently, new Regulations on these policy areas were formulated and drafted to increase security and consumer protection. These are due to take effect from mid-2008.

The PTA operates two public information websites on Internet security and related issues. One of these (www.netoryggi.is) provides information and guidance on key Internet security issues. The other (www.netsvar.is) – maintained in partnership with the National Parents' Association (Heimili og skóli) and Save the Children Iceland – provides answers to frequently asked questions about Internet use and safety.

Under the Electronic Communications Act, Icelandic citizens are entitled to a defined minimum level of telecommunications services, or "universal service", regardless of where they live. This includes publicly available telephone services, access to the telephone directory, access to international calls, public-pay telephones, etc. In 2007, Síminn, Míla and Já upplýsingaveitur were designated as universal service providers in Iceland.

Public use of wireless communications services continues to grow at a brisk pace year-on-year. The PTA has charge of allocating radio spectrum for various uses and preventing interference in wireless communications. During the year, we awarded spectrum licences for 3G services to Nova, Síminn and Vodafone. The market entry of Nova serves to broaden the industry's overall service range and increase competition and marks a noteworthy event in the Icelandic communications market. Work on developing 3G networks began after the spectrum allocation. This service will initially be available only in the south-west corner of Iceland and in the town of Akureyri and environs in the north of the country. However, 3G services are set to expand to other parts of the country over the coming months and quarters.

Postal services play a vital role in the lives of many Icelanders. The PTA is Iceland's regulatory watchdog of postal services and operators. By far the largest operator is Iceland Post, which holds the exclusive right to deliver mail weighing less than 20 grams. Iceland Post's operating licence was renewed in 2007 after a review of its terms and conditions. By reason of this operator's partial monopoly position, no competition exists at present in the above market segment. However, the company's exclusive right will be revoked at the beginning of 2011, opening up that part of the market for competition. Consideration must be given to how to organise universal postal services and implement and ensure effective competition in this market in advance of its liberalisation.

The technological and societal landscape in which the PTA operates continues to develop apace, with direct consequences for Icelanders. As such changes unfold, we will remain focused on making a difference and shaping developments – supporting more efficient, secure and accessible communications and postal services for the benefit of consumers.



Fjarskiptamarkaðurinn

- síbreytilegt umhverfi

Breytingar á lögum og reglum

Í mars voru samþykkt lög nr. 39/2007 um breytingar á fjarskiptalögum nr. 81/2003. Breytingarnar tóku þegar gildi. Megintilgangur laganna er að auka öryggi í fjarskiptum, auka neytendavernd og að styrkja þau ákvæði laganna er fjalla um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Meðal helstu nýmæla laganna eru:

- Skylda fjarskiptafyrirtækja til að skjalfesta hvernig staðið er að net- og upplýsingaöryggi ásamt heimild eftirlitsaðila til að framkvæma öryggisúttektir.
- Bann við að komið sé fyrir hugbúnaði í endabúnaði notanda án samþykkis þeirra.
- Skylda notenda almennrar tal- og farsímaþjónustu að virða bannmerkt símanúmer í símaskrá. Jafnframt var kveðið á um rétt viðtakanda til að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar. Þegar um markaðssetningu er að ræða.
- Að ákvæði laganna um óumbeðin fjarskipti taki einnig til smáskilaboða (SMS) og ótvírætt til notkunar á farsíma við beina markaðssetningu þegar markpóstur er sendur með smáskilaboðum.
- Sex mánaða hámarksbinditími áskriftarsamninga í fjarskiptaþjónustu.
- Réttur áskrifenda talsímaþjónustu til að fá reikninga fyrir fjarskiptanotkun sína sundurliðaða í samræmi við túlkun Evrópuþingmálsins.
- Skylda Póst- og fjarskiptastofnunar til að hafna umsókn fjarskiptafyrirtækis um fjárframlag vegna alþjónustu ef sá þáttur starfseminnar er ekki bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi fjarskiptafyrirtækis.

Alþjónusta og jöfnunarsjóður

Með alþjónustu í fjarskiptum er leitast við að jafna aðgang landsmanna að tiltekinni lágmarks þjónustu óháð búsetu. Eftirfarandi þjónusta er skilgreind sem alþjónusta:

- Almenn talsímaþjónusta
- Handvirk þjónusta (aðstoð talsímavarðar)
- Þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir
- Gagnaflutningsþjónusta með 128 Kb/s flutningshraða
- Aðgangur að símaskrá með öllum símanúmerum og upplýsingaþjónusta um öll símanúmer
- Almenningssímar
- Aðgangur að neyðarþjónustu og svörun neyðarsímtala

Innan PFS var unnið að heildarendurskoðun á alþjónustuskuldum á fjarskiptamarkaði og lauk þeirri vinnu í desember. Fyrirtækin Míla ehf. Síminn hf. og Já upplýsingaveitur ehf. voru útnefnd með alþjónustuskuldur á starfssvæði sínu. Settar voru m.a. viðmiðunarreglur um hvaða kostnað sanngjarnt þætti, að alþjónustuhafi bæri af hverri, nýrri tengingu. Þá var einnig í tengslum við endurskoðunina sérstaklega horft til þeirrar fjarskiptaþjónustu fyrir fatlaðra sem fellur undir alþjónustu. Niðurstaða PFS var sú að fyrirtæki á markaði hafi almennt komið til móts við þennan hóp notenda t.d. með ókeypis hringingum inn í 118 og með afslætti af mánaðargjöldum. Einnig er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að 3G farsímaþjónusta muni opna fötluðum nýjar leiðir til samskipta á komandi árum. Ekki var þó talið gerlegt að skipta þessari kvöð á milli allra fyrirtækja á markaði og voru Síminn og Já upplýsingarveitur útnefnd með skyldu til að verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu. (Sjá nánar ákvörðun 25/2007.)

Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu geta sótt um endurgreiðslur úr jöfnunarsjóði. Til að standa straum af endurgjaldi til þeirra er innheimt jöfnunargjald af fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða -þjónustu. Í apríl gaf PFS út skýrslu um Jöfnunarsjóð alþjónustu fyrir árin 2000 – 2005.

Álagt jöfnunargjald hefur hingað til eingöngu farið í að fjármagna hluta af starfsemi Neyðarlínunar. Þar sem Síminn hefur nú fengið ákvarðað framlag úr sjóðnum var álagningarprósenta hækkuð úr 0,12% í 0,65% ,með lögum nr.143/2007 sem samþykkt voru í desember.

Í desember tók einnig gildi ný reglugerð um alþjónustu á sviði fjarskipta nr. 1356/2007.

Með þessari reglugerð var verið að endurskoða eldri reglugerð sama efnis. Helstu breytingar fólust í eftirfarandi:

- Ítarlegri lýsing á útnefningarferli alþjónustuveitanda.
- Nákvæmari afmörkun á því hvað felst í tengingu við almennt fjarskiptanet og almenn viðmið um hámarkskostnað sem alþjónustuveitandi getur tekið mið af við afgreiðslu umsókna.
- Ákvæði um upplýsingaþjónustu um símanúmer og útgáfu símaskrár.
- Ákvæði um þjónustu við öryrkja eða notendur með sérstakar þjóðfélagsþarfir.
- Nánari reglur um málsmeðferð og afgreiðslu umsókna um framlög úr jöfnunarsjóði.

CE-merkingar

Í janúar tók gildi ný reglugerð um þráðlausan búnað og notendabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra nr. 90/2007.

Reglugerðin gildir um markaðssetningu, frjálstan flutning og að taka í notkun hér á landi fjarskiptabúnað, bæði þráðlausan og línuendabúnað. Fjallað er sérstaklega um markaðssetningu fjarskiptabúnaðar, notkun hans, merkingar hans (CE-merking) og aðferðir við samræmismat. Þá er ítarlega fjallað um markaðs-eftirlit Póst- og fjarskiptastofnunar með fjarskiptabúnaði. Markmið reglugerðarinnar er að:

- Samræma reglur aðildarríkja EES um fjarskiptabúnað.
- Efla opinn og samkeppnishæfan markað fyrir fjarskiptabúnað, sem stuðlar að framboði ódýrs og fjölbreytts búnaðar, með því að heimila frjálsa markaðssetningu hans, að því tilskildu að hann sé í samræmi við nánar tilgreindar kröfur, sem ætlað er að stuðla að verndun heilsu og öryggis notenda og annarra og skilvirkrar notkunar tíðnisviðsins.
- Að tryggja að fjarskiptatæki hafi ekki truflandi áhrif á rafsegulhverfið eða sé ekki móttækilegt fyrir slíkum truflunum.

Net- og upplýsingaöryggi

Í desember gaf PFS út reglur sem snúa að þremur þáttum net- og upplýsingaöryggis.

Þetta eru:

- Reglur um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum nr. 1221/2007
- Reglur um virkni almennra fjarskiptaneta nr. 1222/2007
- Reglur um vernd, virkni og gæði IP fjarskiptaþjónustu nr. 1223/2007

Sjá nánar í kaflanum um net- og upplýsingaöryggi, bls. 18.

Öryggismál og neyðarþjónusta – staðsetning notenda

Með breytingu á fjarskiptalögum í mars varð sú breyting að fjarskiptafyrirtækjum var gert skylt að afhenda upplýsingar um staðsetningu viðskiptavina sinna til viðeigandi neyðarþjónustu-aðila eftir því sem tæknilega er mögulegt. Áður var eingöngu um slíka heimild að ræða.

Erfitt er að staðsetja notendur netsíma og vann samstarfshópur PFS og Neyðarlínunnar að því á árinu að skoða mögulegar tæknilausnir þar að lútandi. Slíkar lausnir eru ekki fyrir hendi enn sem komið er en PFS og Neyðarlínan hafa vakandi auga með þróun tækninnar á þessu sviði.

Vinnu- og verklagsreglur innan PFS

Á árinu var unnið að því að bæta og skýra ýmsar verklagsreglur innan PFS. Settar voru reglur um vinnslu erinda sem hafa aukið gæði og skapað festu á því sviði innan PFS.

Einnig voru settar reglur um álagningu gjalda innan PFS sem tryggja rétt vinnubrögð við álagningu gjalda sem stofnunin innheimtir.

Unnið var að undirbúningi reglna um úthlutun tíðna til að skýra málsmeðferð PFS á því sviði. Lokið verður við þær reglur á árinu 2008.

Markaðsgreining

Markmið fjarskiptalöggjafarinnar og Póst- og fjarskiptastofnunar með markaðsgreiningum er að greina stöðu samkeppni á fjarskiptamarkaði og leggja á viðeigandi kvaðir til að efla samkeppi, sé hún ekki talin vera nægjanlega virk, neytendum til hagsbóta.

PFS hafði í árslok 2007 birt ákvörðun á sex mörkuðum alls og kveðið á um aðgangsskyldur á þeim öllum með bindandi ákvörðun. Heildsölumarkaður fyrir breiðbandsaðgang (markaður 12) var lagður fram til samráðs fyrir hagsmunaaðila í ágúst 2007 og ákvörðun birt í apríl 2008. Í árslok 2007 var verið að vinna í markaðsgreiningum á ellefu mörkuðum (markaðir 1-6, 8-10 og 18), en í ársáætlun PFS fyrir árið 2008 er reiknað með að ljúka greiningu þeirra allra með ákvörðunum og ljúka þar með fyrstu umferð markaðsgreininga.

Á árinu 2006 var birt ákvörðun um markað fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum (markaður 16).

Í ársáætlun PFS fyrir árið 2007 var markmiðið að ljúka með stjórnvaldsákvörðun, þ.m.t. álagningu kvaða ef við ætti, greiningu 9 markaða á fjarskiptamarkaði, þ.e. markaða númer 7-15. Markmiðið náðist ekki vegna meira umfangs og tíma en reiknað var með, en greiningum á fimm mörkuðum var lokið með stjórnvaldsákvörðunum á árinu 2007, þ.e. markaða númer 7, 11, 13, 14 og 15. Auk þess fór markaður 12 í innanlands-samráð á árinu 2007 og unnið var að greiningu á mörkuðum 1-6, 8-10 og 18.

Þann 5. febrúar 2007 var birt ákvörðun nr. 4/2007 um heildsölumarkað fyrir aðgang og upphaf símtala annars vegar í GSM farsímanet og hins vegar í NMT farsímanet (markað 15). Á grundvelli niðurstaðna úr markaðsgreiningunni ákvað PFS að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum mörkuðum. Síminn kærði þessa ákvörðun til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem staðfesti ákvörðun PFS með úrskurði þann 3. júlí 2007.

Þann 14. september 2007 var birt ákvörðun nr. 20/2007 um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða fyrir smásölumarkað fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markað 7), heildsölumarkað fyrir lúkningarhluta leigulína (markað 13) og heildsölumarkað fyrir stofnlínuhluta leigulína (markað 14). Á grundvelli niðurstaðna úr markaðsgreiningu ákvað PFS að útnefna Símann hf. með umtalsverðan markaðsstyrk á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum og Símann hf. og Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína. Bæði Síminn og Míla kærðu ákvörðun PFS til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sem ekki hafði birt úrskurð sinn um áramót 2007/2008.

PFS: Staða markaðsgreininga í árslok 2007

Nr.	Markaðir	Samráð innanlands	Ákvörðun PFS	Aðgangur	Jafnræði	Gagnsæi	Bókhaldslegur aðskilnaður	Eftirlit með gjaldskrá	Kostnaðargrunnur	Kostnaðargr. aðferð	Verðstýringar aðferð	Athugasemdir
16 N7	Lúkning í farsímanetum	-	07/20/06	Já	Já	Já	Já	Já	Gangvirði	LRIC	Verðsamanburður Kostnaðargreint	Verðaöðlogun lúkningarverða á 2 árum, endar 1. júní 2008. Sama verð Síminn og Vodafone 7,49 kr. Áætlað að kostnaðargreina með LRIC aðferð 2008/2009 (M16+M15).
15 N?	Aðgangur og upphaf í farsímanetum	-	02/05/07	Já	Já	Já	Já	Já	Sölulegur Gangvirði	Heimfærður Kostnaður LRIC	Smásala mínus Kostnaðargreint	Tímabundið smásala mínus: Síndarnet -35%, endursala -25%. Reiki byggt á sögulegum kostnaði. Ef þörf þá kostnaðargreint með LRIC aðferð 2008/2009 (M16+M15).
7-13-14 N6 (13)	Leigulínur	-	09/14/07	Já	Já	Já	Já	Já	Sögulegur Gangvirði	Heimfærður Kostnaður LRIC	Kostnaðargreint	Heimfærður kostnaður á grundvelli sögulegs kostnaðar. Taka einnig mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt og ef þörf að mati PFS nota LRIC aðferð.
11 N4	Heimtaugar	-	12/21/07	Já	Já	Já	Já	Já	Sögulegur Gangvirði	Heimfærður kostnaður LRIC	Kostnaðargreint	Heimfærður kostnaður á grundvelli sögulegs kostnaðar. Taka einnig mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt og ef þörf að mati PFS nota LRIC aðferð.
12 N5	Bitastraums aðgangur	-	Áætlað 1. ársfj. 2008	Já	Já	Já	Já	Já	Sögulegur Gangvirði	Heimfærður kostnaður LRIC	Smásala mínus Kostnaðargreint	Smásala mínus -35% þar til kostnaðargreind verðskrá samþykkt af PFS. Heimfærður kostnaður á grundvelli sögulegs kostnaðar. Taka einnig mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem rekin er á hagkvæman hátt og ef þörf að mati PFS að nota LRIC aðferð.
1-6 N1 (1-2)	Talsími: Smásala	Áætlað 2. ársfj. 2008	Áætlað 3. ársfj. 2008	-	-	-	-	-	-	-	-	-
8-10 N2-3 (8-9)	Talsími: Heildsala	Áætlað 2. ársfj. 2008	Áætlað 3. ársfj. 2008	-	-	-	-	-	-	-	-	-
18	Útvarpsdreifikerfi og þjónusta	Áætlað 2. ársfj. 2008	Áætlað 4. ársfj. 2008	-	-	-	-	-	-	-	-	-
17	Alþjóðlegt reiki	Áætlað Ekki á áætlun	Áætlað	-	-	-	-	-	-	-	-	-
16 N7	Lúkning í farsímanetum 2. umferð	Áætlað 4. ársfj. 2008	Áætlað 2. ársfj. 2009	-	-	-	-	-	-	-	-	-

Þann 21. desember var birt ákvörðun nr. 26/2007 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (markaður 11). Á grundvelli niðurstöðu úr markaðsgreiningunni ákvað PFS að útnefna Mílu ehf. með umtalsverðan markaðsstyrk á markaðinum. PFS lagði á Mílu skyldu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum og þjónustu á heildsölustigi. Míla ehf. hlýtti þessari ákvörðun.

PFS hefur samfara birtingu ákvarðana í kjölfar markaðsgreininga lagt aukna áherslu á eftirfylgni kvaða sem byggja á viðkomandi markaðsgreiningum. Skipulega er fylgt eftir að kvaðir séu uppfylltar af þeim aðilum sem þær beinast að. Stofnunin fylgdi eftir lækkingu heildsöluliverða á lúkningu í farsímanetum auk annarra kvaða á markaði 16. Á markaði 15 var komið á endursölu á NMT þjónustu og Síminn lagði fram viðmiðunartilboð um reiki sem PFS fór með í umsögn til hagsmunaaðila og vinnur PFS að endurskoðun tilboðsins í framhaldi af því. Stofnunin fylgdi jafnframt eftir að Síminn birti viðmiðunartilboð um endursölu og sýndarnet í farsímaneti sínu. Með þessu eru skapaðar forsendur fyrir nýja rekstaraðila til að koma inn á farsíma-markaðinn með lágmarks stofnkostnaði. Með því móti er þröskuldur nýrra aðila inn á markaðinn lækkaður, sem til lengri tíma litið á að stuðla að aukinni samkeppni til hagsbóta fyrir neytendur. Markmið PFS er að á árinu 2008 verði allar kvaðir á framangreindum mörkuðum ásamt mörkuðum 7-11-13 og 14 að fullu komnar í framkvæmd hjá viðkomandi aðilum. Sjá: Ákvarðanir PFS 2007 bls. 26 - 29.

Eftirlit með verðlagningu - þjónusta við neytendur

PFS vinnur að því að verð á fjarskiptaþjónustu á Íslandi sé eins og best gerist meðal nágrannaþjóða okkar. Þetta markmið er mælt með því að bera verð fjarskiptaþjónustu á Íslandi saman við verð í OECD löndum. Við samanburðinn er stuðst við gögng frá fyrirtækinu Teligen. Helstu kennitölur fyrir árið 2007 voru:

Verðsamanburður	Sæti innan OECD ár hvert				
	2007	2006	2005	2004	2003
Heimilissími	1	3	1	1	1
Fyrirtækjasími	5	4	3	2	3
GSM - eftirágreitt	7	8	9	5	3
GSM – Fyrirfram	10	9	5	3	2
Breiðband	23	-	-	-	-

Heimild: Teligen.

Skýring: Í gögnum OECD eru 30 þjóðir. Sæti 1 merkir að Ísland er með ódýrustu þjónustuna af mældum löndum OECD varðandi fjarskipti. Unnið upp úr verðskrá fjarskiptafyrirtækja í nóvember ár hvert.

óhagstæð. Fyrir því geta legið margar ástæður en ein af þeim eru mögulegar breytingar á samkeppnisumhverfi fjarskiptafyrirtækja, en fyrirtækjum í fjarskiptaþjónustu við almenning hefur fækkað undanfarin ár, oft með sameiningum eða kaupum. Markaðsgreining, útnefning aðila með umtalsverðan markaðsstyrk og kvaðir sem slíkum aðilum eru settar eru meðal annars þau úrræði sem PFS hefur til að bregðast við slíkum aðstæðum.

PFS hefur væntingar til að starf hennar á þessum vettvangi stuðli að því að Ísland komist aftur í efstu sæti samanburðar OECD.

PFS gerir einnig verðsamanburð á þjónustu fjarskiptafyrirtækja í hverjum mánuði og birtir niðurstöður á vefsíðu sinni. Verðskrá fimm stærstu fjarskiptafyrirtækjanna í desember 2007 er birt á síðunni hér fyrir neðan.

Smásöluliverðlagning fjarskiptaþjónustu er í höndum markaðsaðila en PFS getur hlutast til um heildsöluliverð og getur m.a. mælt fyrir um að sama heildsöluliverð gildi alls staðar á landinu. Stofnunin hefur þetta markmið í huga þegar lagðar eru á kvaðir í kjölfar markaðsgreininga.

Verðskrá Símans, Vodafone , SKO, HIVE og NOVA í des. 2007

Farsími	Síminn	Vodafone	Sko	Hive	Nova
Mánaðargjald	990 kr.	690 kr.	-	-	-
Lágmarksnotkun	-	-	490 kr.	-	1.000 kr.
Inneign í mínútum	35 mín.	-	-	-	-
Upphafsgjald	3.50 kr.	3.40 kr.	4.90 kr.	-	3.50 kr.
Farsími innan kerfis	11.50 kr.	10.90 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
Farsími milli kerfa	22.00 kr.	21.90 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
NMT	22.00 kr.	21.90 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
Heimasími innan kerfis	15.00 kr.	16.80 kr.	-	-	-
Heimasími milli kerfa	15.00 kr.	16.80 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
SMS textaskilaboð	10.00 kr.	10.70 kr.	4.90 kr.	-	10.00 kr.
Innifalinn SMS	20	-	-	-	-
MMS myndskilaboð	29.00 kr.	29.00 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.

Frelsi

Mánaðargjald	-	-	-	-	-
Lágmarksnotkun	-	-	490 kr.	-	-
Upphafsgjald	4.00 kr.	3.90 kr.	4.90 kr.	-	3.5 kr.
Farsími innan kerfis	11.00 kr.	10.90 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
Farsími milli kerfa	23.00 kr.	23.10 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
NMT	23.00 kr.	23.10 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
Heimasími innan kerfis	23.00 kr.	22.90 kr.	-	-	-
Heimasími milli kerfa	23.00 kr.	22.90 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.
SMS textaskilaboð	10.00 kr.	10.70 kr.	4.90 kr.	-	10.00 kr.
MMS myndskilaboð	29.00 kr.	29.00 kr.	14.90 kr.	-	15.00 kr.

Heimasími

Mánaðargjald	1,445 kr.	1,445 kr.	-	990 kr.	-
Upphafsgjald	4.95 kr.	4.90 kr.	-	4.90 kr.	-
Heimasími innan kerfis	1.85 kr.	1.70 kr.	-	0 kr.	-
Heimasími milli kerfa	1.85 kr.	1.70 kr.	-	1.65 kr.	-
Farsími innan kerfis	17.00 kr.	17.70 kr.	-	-	-
Farsími milli kerfa	21.00 kr.	21.10 kr.	-	16,9 - 20,9 kr.	-
NMT	21.00 kr.	21.10 kr.	-	16.90 kr.	-



Ráðgjöf og úrlausn deilumála

Hluti af starfsemi PFS er að skera úr um stór og smá ágreiningsmál og sinna kvörtunum sem berast stofnuninni vegna fjarskiptamála.

Fjöldi slíkra mála barst stofnuninni á árinu, bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Á árinu 2007 voru skráð 1.529 mál í málaskrárkerfi PFS. Teknar voru 27 formlegar stjórnisýslu-ákvörðanir auk þess sem hundruð smærri mála voru afgreidd.

Skv. 13. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er heimilt að kæra ákvörðanir Póst- og fjarskiptastofnunar til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Sá sem á verulegra hagsmuna að gæta getur kært hvort heldur er málsmeðferð eða efni ákvörðunar.

Á árinu skar Úrskurðarnefnd úr um 5 ágreiningsmál vegna fjarskipta:

- Mál nr. 1/2007 - Síminn gegn PFS - 10. október 2007
- Mál nr. 2/2007 - Síminn hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun og Og fjarskiptum ehf. - 3. júlí 2007
- Mál nr. 3/2007 - Hreppsnefnd Bæjarhrepps gegn PFS - 7. nóvember 2007
- Mál nr. 4/2007 - Hörður Einarsson gegn Símanum og Póst- og fjarskiptastofnun - 19. nóvember 2007
- Mál nr. 15/2006 - OR gegn PFS og Símanum - Endanlegur úrskurður - 27. ágúst 2007

Úthlutun leyfa og eftirlit með notkun ljósvakans.

PFS sér um úthlutun fjarskiptaleyfa fyrir talstöðvar og önnur radiótæki. Alls var úthlutað 1.969 fjarskiptaleyfum á árinu.

Mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar er eftirlit með notkun ljósvakans. Til hennar berst árlega talsvert af kvörtunum vegna truflana á fjarskiptum. Brugðist er við slíkum kvörtunum eins fljótt og auðið er og orsaka truflunarinnar leitað. Á árinu 2007 var 33 útköllum af þessu tagi sinnt.

Útboð og úthlutun tíðna

Þrjú útboð fóru fram á árinu. Um áramót voru boðnar út tíðnir fyrir þriðju kynslóð farsíma á 2GHz tíðnisviðinu og voru fjórar tíðniheimildir í boði. Alls bárust þrjú tilboð, sem öll uppfylltu útboðsskilmála. Tíðniheimildir voru í kjölfarið gefnar út til Símans, Og fjarskipta (Vodafone) og Nova.

Í febrúar voru auglýstar tvær tíðniheimildir á 1800 MHz tíðnisviðinu fyrir GSM farsímakerfi og bárust 3 tilboð. Tíðniheimildir hlutu tvö svissnesk fyrirtæki, Amitelo og Icecell.

Loks var í mars boðin út ein tíðniheimild fyrir langdrægt farsímakerfi á 450 MHz, sem skyldi taka við af núverandi NMT farsímakerfi, en gert er ráð fyrir að því verði lokað í árslok 2008. Tíðniheimild var gefin út til Nordisk Mobile Ísland ehf, eina fyrirtækisins sem sendi inn tilboð.

Úthlutun númera og númeraraða

Póst og fjarskiptastofnun sér um að úthluta númeraröðum til almennra fjarskiptaneta (númeraraðir í símakerfi) og einkennisnúmerum fyrir skip. Alls hefur verið úthlutað rúmlega 2,68 milljónum númera fyrir almenn símakerfi á Íslandi í núverandi númerakerfi, eða rúmlega 8,66 númerum á hvern íbúa landsins. Á árinu 2007 var úthlutað um 160.000 númerum fyrir almenn símakerfi. Einnig var úthlutað 193 einkennisnúmerum fyrir skip.

Á árinu voru unnin og kynnt drög að reglum um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta. Drögin voru send til umsagnar hagsmunaðila og reglurnar verða gefnar út á fyrri árhelmingi 2008 að teknu tilliti til athugasemda.

Skipaskoðun

Póst- og fjarskiptaskoðun hefur umsjón með skoðun og eftirliti með fjarskiptabúnaði í skipum. Markmið eftirlitsins er að tryggja að radióbúnaður sé í lagi og virki á neyðarstund. Tveir starfsmenn stofnunarinnar sinna þessu verkefni og voru skoðuð 248 skip á árinu á vegum stofnunarinnar. Auk PFS sjá þrjár faggildar skoðunarstofur um skoðun fjarskiptabúnaðar í skipum og bátum og sinnir stofnunin eftirliti með þeim. Skoðunarstofurnar skoðuðu alls 1.017 skip og báta á árinu þannig að heildarfjöldi skoðaðra skipa og báta var 1.267 á árinu 2007.

The telecommunications market

– an ever-evolving environment

Amendments to legislation and regulations

In March 2007, Iceland's parliament passed Act No. 39/2007, amending the Electronic Communications Act No. 81/2003 effective immediately. The amendments' key objectives were to increase communications security and consumer protection as well as bolster the legislation's provisions governing the protection of personal data and privacy. The principal changes introduced by these amendments are as follows:

- The obligation of telecoms operators to document their Internet and information security arrangements, and new powers for the regulator to carry out security audits.
- The prohibition of the installation of software in terminal equipment without the user's prior consent.
- The obligation of users of publicly available fixed and mobile services to respect the designation of numbers in telephone directories as opt-out ("do-not-call") numbers, and the right of receivers of such calls to be informed where the information on which the call was based was obtained.
- The inclusion of text messages (SMS) – and, expressly, the use of text messaging for direct marketing purposes – within the legislation's provisions on unsolicited telemarketing.
- A maximum lock-in period of six months for telecommunications subscription contracts.
- The right of voice subscribers to receive invoices itemised in accordance with the interpretation of the European Court of Justice.
- The PTA's obligation to reject applications by telecoms operators for financial contributions in lieu of universal service if account separation is not maintained between the universal service portion of their operations and other activities.

Universal service and the Equalisation Fund

The purpose of universal service obligations in the telecommunications sector is to ensure equal access to a defined minimum level of service or set of services of specified quality regardless of where the user lives. The following service components are defined as universal services:

- Publicly available telephone services
- Manual service (operator assistance)
- Service to users with disabilities or special social needs
- Data transmission services with a capacity of 128 Kb/s
- Access to a telephone directory containing all numbers and a comprehensive directory enquiry service
- Public pay telephones
- Access to emergency services and emergency call answering

During the year, the PTA conducted an overall review of universal service obligations in the communications market, which was completed in December. The companies Míla ehf., Síminn hf. and Já upplýsingaveitur ehf. were assigned with universal service obligations in their respective operating areas. New fairness guidelines were set regarding the costs of each new connection to be borne by a universal service provider. As part of the review, electronic communications services to disabled people falling under universal service were further defined. The PTA concluded that providers have generally met the needs of this user group through various support, such as free calls to the Directory Enquiry Service (118) and discounts off monthly subscriptions. In addition, the PTA expressed the view that 3G mobile services would open up new communication opportunities for disabled people in the coming years. However, imposing obligations of this type on all market players was found unfeasible. The conclusion was to oblige Síminn and Já upplýsingaveitur to meet all reasonable demands by disability organisations seeking to ensure equal access for their members to universal service. (Further information is provided in Decision No. 25/2007.)

Telecoms companies obliged to provide universal service can apply for reimbursements from the Equalisation Fund. To cover the costs of such reimbursements, equalisation fees are levied on companies operating electronic communications networks or services. In April, the PTA issued a report on the Universal Service Equalisation Fund's activities in 2000–2005.

Proceeds from the annual equalisation fee have so far been used solely to fund certain activities of the 24-hour emergency hotline Neyðarlínan. Since a contribution from the Fund had been earmarked to Síminn, the fee percentage was raised from 0.12% to 0.65% through Act No. 143/2007, which was passed in December.

In December, a new Regulation No. 1356/2007 on Electronic Communications Universal Service took effect, revising an older Regulation on the same subject matter, primarily through the following additions:

- A more detailed description of the process by which universal service providers are designated.
- A fuller definition of connections to public communications networks and general guidelines on maximum costs for reference by universal service providers when processing applications.
- Provisions on directory enquiry services and the publication of telephone directories.
- Provisions on services to disabled people and users with special social needs.
- More detailed rules on the processing of applications for contributions from the Equalisation Fund.

CE marking

In January, a new Regulation on Wireless and Terminal Telecommunications Equipment and Mutual Recognition of Conformity Assessment No. 90/2007 took effect. The Regulation governs the marketing, free movement and bringing into use of both wireless and wired telecommunications equipment in Iceland. The marketing of equipment, its use, CE marking and conformity assessment are dealt with specifically. The Regulation also provides for the PTA's market surveillance of telecommunications equipment. More specifically, it aims to:

- Harmonise EEA Member States' rules on telecommunications equipment.
- Foster openness and competitiveness in the market for telecommunications equipment and support the supply of a wide range of low-priced products by allowing their free marketing, provided that the equipment conforms to specific requirements regarding the health and safety of users and others as well as effective use of the frequency spectrum,
- Ensure that equipment does not cause electromagnetic interference and is not susceptible to such interference.

Internet and information security

In December, the PTA issued Regulations on three aspects of Internet and information security.

These Regulations are:

- The Regulation on the Protection of Information in Public Communications Networks No. 1221/2007
- The Regulation on the Functionality of Public Telecommunications Networks No. 1222/2007
- The Regulation on the Protection, Functionality, and Quality of IP Electronic Communications Services No. 1223/2007

More details on these Regulations are provided in the section "Internet and information security" on page 20.

Security issues and emergency services – users' locations

The March 2007 amendments to the Electronic Communications Act obliged operators to supply information on their customers' locations to the appropriate emergency service providers to the extent technically possible. Prior to that, only an authorisation to this effect was in place.

As locating VoIP users is difficult, the PTA and the emergency hotline Neyðarlínan set up a joint team to examine possible technical solutions to this challenge. While such solutions are not yet at hand, the PTA and Neyðarlínan continue to monitor technical developments in this area.

PTA work procedures

The year saw extensive work on enhancing and clarifying various PTA work procedures. Rules were established for the processing of complaints and dispute referrals, which have already improved operating quality and efficiency and provided a sounder structure for such activities.

In addition, rules were established to ensure proper procedures for the levying of fees.

Rules are being drafted on spectrum allocation in order to clarify the PTA's handling of such decisions. These rules are due to be completed in 2008.

Market analysis

The aim of the PTA's market analysis is to gauge the communications market's competitive health and impose appropriate regulatory obligations to stimulate competition and innovation for the benefit of consumers.

Póst- og fjarskiptastofnun heimilaði Íslandspósti hf. að hækka gjaldskrá sína vegna bréfa innan einkaréttar frá og með 1. febrúar 2007. Bréf í 20 gr. flokki hækkuðu úr 55 kr. í 60 kr. og bréf í 50 gr. flokki hækkuðu úr 65 kr. í 70 kr. Helstu ástæður hækkanarinnar voru innlendir kostnaðarhækkunarir, s.s. laun, kostnaður vegna landpósta og flutningskostnaðar.

4/2007

Um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum. Markaður 15 - 5. febrúar 2007

Á grundvelli niðurstaðna úr markaðsgreiningu útnefndi PFS Símann með umtalsverðan markaðsstyrk á báðum mörkuðum, þ.e. GSM og NMT. Það var jafnframt niðurstaða PFS að Vodafone væri ekki lengur með umtalsverðan markaðsstyrk á farsíma-markaði skv. eldri fjarskiptalögum nr. 107/1999. PFS ákvað að leggja á Símann skyldu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að GSM farsímaneti og þjónustu á heildsölustigi, m.a. um: innanlands reiki, samnýtingu eða samhýsingu, aðgang til endursölu og sýndarnetsaðgang.

Jafnframt voru lagðar á GSM farsímanet Símans kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Símanum var gert skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að GSM farsímaneti sínu og þjónustu þar sem fram koma aðgangsverð fyrir endursölu, sýndarnet og innanlands reiki.

PFS ákvað að leggja á Símann skyldu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang til endursölu að NMT farsímaneti og þjónustu. Jafnframt voru lagðar á NMT farsímanet Símans kvaðir um jafnræði, gagnsæi og eftirlit með gjaldskrá. Ákvörðun PFS var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 2/2007.

5/2007

Um lokun póstafréttis á Stað - 9. febrúar 2007

Með ákvörðuninni fékk Íslandspóstur heimild til að loka póstafréttislausu sem rekin hafði verið að Stað (póstnúmer 500), frá og með 1. apríl 2007. Í staðinn hugðist fyrirtækið reka landpóstþjónustu með þeim hætti, að landpóstur kemur inn á hvert heimili og afhendir og móttækur póst og tekur þ.a.l. við öllum þeim verkefnum sem nú er sinnt í afgreiðslunni á Stað. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar hafði þessi þessi eðlisbreyting á þjónustunni ekki áhrif á aðgengi þeirra íbúa sem búa á svæðinu að póstaþjónustu, sbr. t.d. 6., 20., 21. gr. laga um póstaþjónustu nr. 19/2002. Íbúar myndu eftir þær breytingar sem Íslandspóstur hafði boðað fá afhentan póst með sama hætti og áður og einnig geta komið sendingum til skila, en nú með fulltingi landpóstsins. Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2007.

6/2007

Um útgáfu frímerkja með 20g áletrun í stað verðgildis - 9. mars 2007

Íslandspósti hf. var með ákvörðuninni veitt undanþága frá skilyrði 2. mgr. 31. gr. laga um póstpjónustu að frímerki skuli sýna ákveðið verðgildi og heimilaði sem tilraunaverkefni útgáfu frímerkis með áletrun um þyngdarflokk í stað verðgildis.

7/2007

Um afturköllun á tíðniheimildum fyrir fastasambönd Símans hf. á 2 GHz vegna UMTS - 22. mars 2007

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 7. febrúar 2007, var Símanum hf. tilkynnt um að stofnunin hygðist afturkalla tíðni fyrir fastasambönd fyrirtækisins sem eru á tíðnisviði sem skilgreint hefur verið fyrir þriðju kynslóð farsíma. Höfðu fyrirætlanir stofnunarinnar í þessa veru legið fyrir í nokkur ár, en með bréfi til Símans hf., dags. 3. mars 1999, var fyrirtækinu kynnt sú ákvörðun alþjóða tíðniráðstefnunnar WARC 92 að ýmis tíðnisvið, sem mikið höfðu verið notuð fyrir fastasambönd, skyldu framvegis vera til ráðstöfunar fyrir ný fjarskiptakerfi, einkum þau sem falla undir UMTS staðla.

Þau fastasambönd sem hér um ræðir eru á eftirfarandi tíðnisviðum: 1900-2025 MHz, 2110-2200 MHz, 2483,5-2500 MHz. Enn fremur eru fastasamböndin öll fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Afturkallaðar voru tíðniheimildir fyrir eftirfarandi fastasambönd Símans hf. og bar fyrirtækinu að hætta notkun þeirra eigi síðar en 1. júlí 2007:

Keflavík 1975,5 MHz – Þorbjörn 2094,5 MHz

Stykkishólmur 1980 MHz – Akurtraðir 0

Þingvellir 2024,5 MHz – Úlfhljótsvatn 1905,5 MHz

Hnjúkar 2066,5 MHz – Skagaströnd 1947,5 MHz

Hnjúkar 2094,5 MHz – Ávík 1975,5 MHz

Dalvík 2136,5 MHz – Grenivík 2255,5 MHz

Dalvík 2150,5 MHz – Hrísey 2269,5 MHz

8/2007

Um beitingu dagsekta vegna vanskila á tölfraediupplýsingum

- 2. apríl 2007

Ákvörðun um beitingu dagsekta gagnvart IP-fjarskiptum ehf. vegna vöntunar á tölulegum upplýsingum úr fjarskiptarekstri fyrirtækisins sem skila átti til stofnunarinnar eigi síðar en 10. mars 2007. Skyldu dagsektir miðast við 18. apríl 2007.

9/2007

Yfirfærsla á fjarskiptaréttindum til Og fjarskipta ehf. og um afturköllun á tilteknum réttindum - 11. apríl 2007

Ákvörðunin er í tvennu lagi:

1. Öll fjarskiptaréttindi, sem tilgreind hafa verið á sérstökum yfirlitum, og voru áður skráð á 365 hf., kt. 600898-2059, áður Dagsbrún hf. og félaga eigu þess, 365 ljósvakamiðla ehf., kt. 680795-2079 og 365 miðla ehf., kt. 480702-2390, voru færð yfir á nafn Og fjarskipta ehf., kt. 470905-1740, með þeim sömu skilmálum sem koma fram í leyfisbréfum að baki einstökum réttindum.

2. Tímabundin heimild um notkun á 945,2-945,8 MHz tíðnisviðinu (rásir 51-54) var afturkölluð og skyldi notkun tíðnisviðsins hætt eigi síðar en 14. september 2007.

10/2007

Kvörtunarmál um óumbeðin fjarskipti - 14. maí 2007

Í nóvember 2006 áframsendi Persónuvernd kvörtun einstaklings til Póst- og fjarskiptastofnunar til úrlausnar. Laut kvörtunin að því að fjarskiptafyrirtækið IP-fjarskipti ehf., sem starfaði undir merkjum Hive, hafi ítrekað hringt í símanúmer kvartanda, sem er bannmerkt í símaskrá, í þeim tilgangi að kynna vörur sínar og þjónustu.

Í ákvörðunarorðum Póst- og fjarskiptastofnunar segir:

IP-fjarskipti ehf. braut gegn 5. mgr. 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 með því að hringja í bannmerkt símanúmer kvartanda í tengslum við beina markaðssetningu sína.

11/2007

Umsókn Neyðarlínunnar hf. um framlag úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2007 - 11. júní 2007

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkti umsókn Neyðarlínunnar hf. um framlag úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2007 að upphæð kr. 29.688.000.

Jöfnunarsjóður er í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar en er aðskilinn frá fjárhag stofnunarinnar og því getur greiðsla úr sjóðnum ekki verið meiri en sem nemur inneign á hverjum tíma.

Í ákvörðun PFS segir m.a. að umsókn Neyðarlínunnar um framlag úr jöfnunarsjóði byggist á útreikningum á því hvaða kostnaður teljist heyra undir alþjónustukvöð félagsins, þ.e. að sinna innhringisímtölum í neyðarnúmerið 112. Kostnaður vegna svörunar og áframsendingar slíkra símtala hefur verið greiddur úr jöfnunarsjóði, en ekki annar kostnaður vegna slíkra símtala, svo sem úrvinnsla símtals, boðun viðbragðsaðila og önnur þjónusta tengd símtali og skráning símtals. Dómsmálaráðuneytið hefur með fjárframlögum tryggt Neyðarlínunni fjármögnun þess hlutar neyðarsímsvörunar sem ekki hefur verið fjármagnaður af jöfnunarsjóði. Þar að auki hefur Neyðarlínan tekjur af seldri þjónustu sem ekki tengist neyðarsímsvörun eins og þjónustu við öryggisfyrirtæki.

Póst- og fjarskiptastofnun féllst á að leggja þá útreikninga sem Neyðarlínan hefur látið gera á nýtni neyðarborða, í ársbyrjun 2006, til grundvallar ákvörðun um fjárhæð jöfnunarsjóðsframlags félagsins.

12/2007

Höfnun á umsókn IP fjarskipta ehf um tíðniheimild fyrir GSM 1800 - 18. júní 2007

Póst- og fjarskiptastofnun hafnaði umsókn IP-fjarskipta ehf. um tíðniheimild fyrir GSM 1800 farsímakerfi. Var umsókninni hafnað á grundvelli ónógra upplýsinga í tilboði fyrirtækisins um fjárhagsstöðu og tæknilega getu, sem krafist var samkvæmt kafla 2.4 í útboðslýsingunni, auk þess sem lýsing á uppbyggingu á fyrirhuguðu fjarskiptaneti vantaði í tilboðið.

Í ákvörðuninni segir m.a.:

„...er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að umsókn IP-fjarskipta ehf. sé haldin verulegum annmörkum og að í ljósi meginreglunnar um jafnræði sé ekki unnt að heimila fyrirtækinu að bæta úr henni að liðnum útboðsfresti. Því er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ekki verði komist hjá því að hafna umsókn IP-fjarskipta ehf.“

13/2007

Nýtt viðmiðunartilboð Símans hf. - 25. júlí 2007

Með ákvörðuninni samþykkti Póst- og fjarskiptastofnun nýtt viðmiðunartilboð Símans hf. um samtengingu talsímaneta og tók tilboðið gildi frá og með 1. ágúst 2007 með þeim breytingum á skilmálum sem mælt var fyrir um í viðauka við ákvörðunina. Samhliða samþykki viðmiðunartilboðsins hafnaði stofnunin fyrirhugaðri hækkun Símans á samtengiverðum sem tilkynnt hafði verið með þeim rökum að þau gögn sem Síminn byggir hækkun samtengingargjalda á sýni ekki með óyggjandi hætti nauðsyn þess að samtengingarverð fyrirækisins hækki um þau 23% sem tilkynning Símans frá 27. apríl 2007 tilgreinir ef nota á samanburðaraðferðarfræði (benchmark) og ákvarða út frá þeim samanburði samtengiverðskrá Símans. Sá samanburður sem fylgdi með tilkynningu Símans er t.d. ekki í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnar ESB nr. 98/195 frá 8. janúar 1998 um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði, né þá aðferðarfræði sem notuð var við ákvörðun Lúkningargjalda á farsímamarkaði, sbr. ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 20. júlí 2006, sbr. úrskurð úrskurðarnefndar nr. 12/2006. Þá verður heldur ekki séð að atriði eins og hækkun á almennu verðlagi og sú gengisviðmiðun sem vísað er til í erindinu renni nauðsyn undir nauðsyn þess að gerð sé breyting á núverandi samtengingargjöldum.

14/2007

Ágreiningsmál um gjaldtöku fyrir hlerun - 2. ágúst 2007

Ákvörðun í ágreiningsmáli lögreglustjórans í Reykjavík (nú lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu) og Og fjarskipta ehf. (Vodafone) vegna gjaldtöku fyrir hlerun. Og fjarskiptum ehf. var talið heimilt að krefja embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu vegna reikninga sem eru tilkomnir vegna beiðna um hlerun er berast félaginu utan skrifstofutíma og eru vegna greiðslu á bakvaktarútkalli til tæknimanns."

15/2007

Höfnun á beiðni um bráðabirgðaákvörðun vegna fyrirhugaðar lokunar á þjónustu - 13. ágúst 2007

Með bréfi, dags. 2. ágúst 2007, barst Póst- og fjarskiptastofnun krafa Hringiðunnar ehf. (kvartandi) um að stofnunin tæki bráðabirgðarákvörðun í ágreiningsmáli Hringiðunnar ehf. og IP-fjarskipta ehf. (Hive). Fór kvartandi fram á að IP-fjarskiptum ehf. yrði gert að láta af áformum sínum um fyrirvaralaus lokun þjónustu við Hringiðuna vegna ágreinings um uppgjör eldri viðskipta.

Var það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að skilyrði bráðabirgðaákvörðunar í máli þessu væru ekki lengur til staðar. Var kröfu Hringiðunnar ehf. um að Póst- og fjarskiptastofnun tæki bráðabirgðarákvörðun í ágreiningsmáli Hringiðunnar ehf. og IP-fjarskipta ehf. því hafnað.

16/2007

Einkaréttur til fjarskiptalagna og samnýting skurða - 24. ágúst 2007

Ákvörðun í ágreiningsmáli Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. og Mílu ehf. um einkarétt til fjarskiptalagna og samnýtingu skurða þar sem PFS taldi Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. óheimilt að bera fyrir sig gagnvart Mílu ehf., eða öðrum fjarskiptafyrirtækjum, ákvæði um einkarétt sér til handa til að leggja fjarskiptaleiðslur í landi Kross, Innri-Akraneshreppi, í samningi, dags. 10. febrúar 2006, milli Orkuveitu Reykjavíkur, Innri-Akraneshrepps og Stafna á milli ehf.

Einnig var vísað frá kröfu Mílu ehf. um að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. skyldi heimila félaginu að samnýta skurði þá sem lagðir yrðu um land Kross, Innri-Akraneshreppi, í fyrsta áfanga uppbyggingar hverfisins með atbeina Orkuveitu Reykjavíkur.

17/2007

Beiðni Íslandsþósts hf. um útgáfu persónulegra frímerkja með 50g áletrun í stað verðgildis - 24. ágúst 2007

Með ákvörðuninni var Íslandsþósti veitt heimild til að gefa út persónuleg frímerki með áletruninni "Bréf 50g innanlands". Fyrirtækið getur þar með gefið fólki og fyrirtækjum þann valkost að setja eigin mynd eða hugsanlega velja mynd úr myndabanka á frímerki sem hægt er að nota sem greitt burðargjald fyrir bréf.

18/2007

Kvörtunarmál vegna ófullnægjandi sundurliðunar talsímareikninga - 29. ágúst 2007

PFS ákvarðaði að sú framkvæmd Símans hf. að sundurliða ekki að eigin frumkvæði reikninga áskrifenda sinna í talsímaþjónustu bryti ekki gegn 1. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Óski áskrifandi í talsímaþjónustu hins vegar eftir að fá reikninga sína sundurliðaða eftir notkun sé Símanum hf. skylt að verða við þeirri ósk án þess að gjald komi fyrir.

19/2007

Endurupptaka rekstrargjalds - 10. september 2007

PFS féllst á endurgreiðslukröfu Snerpu ehf. vegna ofgreidds rekstrargjalds vegna rekstraráranna 2003-2005. Niðurstaðan var sú að félagið skyldi greiða rekstrargjald af netþjónustu og rekstri víðnetskerfis en ekki af internetþjónustu.

20/2007

Ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum (markaður 7), heildsölumarkaði fyrir lúkningahluta leigulína (markaður 13) og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína (markaður 14) - 14. september 2007

Síminn hf. og Míla ehf. voru útnefnd sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á leigulínumörkuðum á Íslandi, þ.e. Síminn á smásölumarkaði fyrir lágmarksframboð af leigulínum, heildsölumarkaði fyrir lúkningarhluta leigulína og heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína en Míla fyrir tvo hina síðastnefndu heildsölumarkaði.

Á smásölumarkaðinum fyrir lágmarksframboð af leigulínum lagði PFS þá skyldu á Símann að veita aðgang að leigulínum um land allt, ásamt kvöðum um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá á viðkomandi smásölumarkaði. Á heildsölumörkuðunum tveimur voru lagðar á Símann og Mílu kvaðir um að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang fyrir lúkningarhluta og stofnlínuhluta leigulína og þjónustu á heildsölustigi, ásamt kvöðum um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá á viðkomandi heildsölumarkaði.

Með ákvörðun sinni og greiningu á leigulínumarkaði taldi PFS sig stuðla að aukinni samkeppni á markaði og tryggja aðgang samkeppnisaðila að leigulínum með sanngjörnum skilyrðum og á sanngjörnu verði.

21/2007

Greiðsla fyrir kaup á tónlist af vefnum Tónlist.is - 18. október 2007

Kvartað var til PFS yfir þeirri aðferð sem Síminn hafði viðhaft við innheimtu mánaðarlegra fjárhæða undir liðnum "virðisaukandi

þjónusta" á símreikningi kvartanda, vegna "meintrar" áskriftar hans að vefnum tonlist.is, án þess að nokkur grein væri gerð fyrir því hvað í umræddum fjárhæðum fælist. Kvartandi hefði ekki óskað eftir né þegið neina virðisaukandi þjónustu af hálfu Símans og því gæti ekki verið eðlilegt af hálfu Símans að innheimta umræddar fjárhæðir á símreikningum hans.

PFS taldi ekki séð að fjarskiptalög nr. 81/2003 né reglur um almenna heimild hefðu að geyma nein ákvæði sem hér gætu komið að gagni. Innheimta Símans á umræddri fjárhæð vegna áskriftar kvartanda að vefnum tonlist.is teldist ekki fjarskiptaþjónusta í skilningi 14. tölul. 3. gr. fjarskiptalaga. Umrætt ágreiningsefni varðaði því ekki meint brot Símans gegn skyldum sínum samkvæmt fjarskiptalögum eða skilyrðum almennrar heimilda til að stunda fjarskiptastarfsemi. Póst- og fjarskiptastofnun taldi sig því ekki bært stjórnvald til að binda endi á ágreining aðila þessa máls með ákvörðun um niðurfellingu umræddra reikninga eða lækun þeirra. Hvorki lög nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, né lög nr. 81/2003, um fjarskipti, fælu í sér heimild til slíkrar íhlutunar af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar. Umræddri kvörtun var því vísað frá Póst- og fjarskiptastofnun. Afrit ákvörðunarinnar var sent Neytendastofu til upplýsingar.

22/2007

Breyting á notkun efsta hluta GSM 900 tíðnisviðsins og bann á innflutningi og sölu CT1 síma - 14. nóvember 2007

Efsti hluti GSM 900 tíðnisviðsins var notaður hér á landi fyrir þráðlausa síma sem byggja á CT1 tækni. Ný starfræn tækni, DECT, sem notar annað tíðnisvið, hefur smám saman verið að leysa CT1 tæknina af hólmi. Þráðlausir símar eru notaðir á takmörkuðu svæði, einkum á heimilum og vinnustöðum og er gerður greinarmunur á þeim og farsímum, t.d. GSM og NMT. Samkvæmt könnun sem PFS gerði fyrr á árinu hafa innflytjendur og söluaðilar síma hvorki flutt inn né selt CT1 þráðlausa síma síðustu 2-5 árin. Líklegt er þó að slíkir símar séu í notkun í einhverjum mæli í dag.

Helstu niðurstöður PFS voru að PFS breytti skipulagi tíðnirófsins á þá leið að úthlutun fyrir CT1 tækni á 914-915/959-960 MHz tíðnisviðinu var afturkölluð frá og með 1. janúar 2008. Eftir þann tíma yrði umrætt tíðnisvið laust til ráðstöfunar fyrir farsímaþjónustu. PFS bannaði einnig innflutning og sölu CT1 síma frá og með 1. janúar 2008. Að svo stöddu hygðst PFS ekki banna notkun CT1 þráðlausa síma. Notkun slíkra síma yrði því ennþá heimil hér á landi eftir 1. janúar 2008, svo fremi sem þeir valdi ekki skaðlegum truflunum á GSM þjónustu á umræddu tíðnisviði. Frá og með sama tíma myndi CT1 þráðlaus símnotkun ekki njóta verndar vegna truflana sem kunna að stafa af farsímaþjónustu á umræddu tíðnisviði.

23/2007

Umsókn Neyðarlínunnar hf. um framlag úr jöfnunarsjóði fyrir árið 2008 - 26. nóvember 2007

Umsókn Neyðarlínunnar hf. um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu fyrir árið 2008 var samþykkt. Skyldi framlagið nema rúmum 30 milljónum króna og greiðast með fyrirvara um stöðu jöfnunarsjóðs.

Í jöfnunarsjóð greiða fjarskiptafyrirtæki skv. 22. gr laga um fjarskipti nr. 81/2003 .

Póst- og fjarskiptastofnun er vörsluaðili jöfnunarsjóðs og er fjárhagur hans algerlega aðskilinn frá fjárhag stofnunarinnar að öðru leyti. Framlög úr honum verða því að fara eftir stöðu sjóðsins hverju sinni. (Ákvörðunin var staðfest með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 9/2007).

24/2007

Lokun póstaðgreiðslu Íslandspóstshf. á Eyrarbakka og Stokkseyri - 28. nóvember 2007

Beiðni Íslandspóstshf., frá 26. febrúar og 2. mars 2007, um lokun afgreiðslustaða á Eyrarbakka og Stokkseyri sem áttu sér stað þann 1. mars og 2. maí 2007 var samþykkt, þar sem í stað hefðbundins afgreiðslustaðar ræki fyrirtækið heimaakstursþjónustu og keyrði sendingar heim til einstaklinga og fyrirtækja. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar þá voru þessar breytingar á þjónustuháttum til þess fallnar að ekki væri eins mikil þörf og áður að reka hefðbundna póstaðgreiðslu á Eyrarbakka og Stokkseyri. Tölur um fjölda afgreiðslna á Eyrarbakka og Stokkseyri benda einnig til þess að notkun afgreiðslustaðanna hafi ekki verið það mikil að það gæti réttlæt nauðsyn þess að þeir væru reknir áfram í óbreyttri mynd. Þá væri einnig tiltölulega stutt á Selfoss frá þessum stöðum en íbúar sækja almennt alla þjónustu á Selfoss.

25/2007

Útnefning fjarskiptafyrirtækja með skyldu til að veita alþjónustu í fjarskiptum á starfssvæði sínu - 6. desember 2007

Í ákvörðuninni var þeim skyldum sem falla undir alþjónustu í lögum um fjarskipti skipt upp á milli Mílu ehf. sem hefur skyldu til að veita aðgang að almenna fjarskiptanetinu, Símans hf., sem hefur skyldu til að veita talsímaþjónustu, gagnaflytninguþjónustu með 128 kb/s flutningsgetu og reka almenningssíma um land allt. og Já upplýsingaveitna ehf., sem hefur skyldu til að gefa út símaskrá og reka upplýsingaþjónustu um símanúmer í númerinu 118. Þá var einnig kveðið á um að Síminn og Já upplýsingaveitur skuli verða við öllum sanngjörnum kröfum hagsmunasamtaka öryrkja sem leitast við að jafna aðgang félagsmanna þeirra að þeirri þjónustu sem fellur undir alþjónustu. Útnefningarnar taka til alls landsins.

26/2007

Útnefning fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagning kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (markaður 11) 21. desember 2007

Í kjölfar markaðsgreiningar útnefndi Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) Mílu ehf. sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 11, heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum.

Lögð var skylda á Mílu til að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að koparheimtaugum og þjónustu á heildsölustigi. Jafnframt voru lagðar á kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað og eftirlit með gjaldskrá. Mílu var gert skylt að birta viðmiðunartilboð fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Míla skal gera kostnaðarlíkan til útreikninga á gjaldskrá og skal gjaldskráin vera sundurliðuð í grunnverð, aukagjald fyrir skiptan aðgang og gjöld fyrir tengda aðstöðu.

27/2007

Beiðni Íslandspóstshf. um hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar - 21. desember 2007

Beiðni Íslandspóstshf. um hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar samþykkt. Bréf í 20 gr. flokki hækkuðu úr kr. 60 í kr. 65 og bréf í 50 gr. flokki hækkuðu úr kr. 70 í kr. 75. Hækkunin tók gildi frá og með 1. janúar 2008. Það var niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að hækkunin byggðist á undirliggjandi raunkostnaði við þjónustuna. Þá varð heldur ekki litið framhjá þeirri staðreynd að þau gjöld sem tekin voru fyrir pósthjónustu innan einkaréttar voru einnig viðráðanleg ef litið er til samanburðar á sambærilegum gjaldskráum á Norðurlöndum.

Skráð fjarskiptafyrirtæki í árslok 2007

Registered providers of electronic communications network and service

Nr.	Nafn	Útgefið/ skráð	Tegund starfsemi
1	2010 ehf.	08/07/07	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
2	Anza hf.	02/04/02	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
3	Atlássími ehf.	02/20/03	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
4	Ábótinn ehf.	03/28/03	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
5	Bloomberg Finance L.P.	07/19/07	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet.
6	Bloomberg L.P.	07/28/04	Gagnaflutningsþjónusta og endursala á leigulínum
7	Corice ehf.	11/08/06	Talsíma-, gagnaflutnings- og samnetþjónusta
8	DVD-Margmiðlun ehf.	02/06/04	Rekstur breiðbandskerfis fyrir útvarpsdreifingu
9	EJS hf.	06/04/07	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
10	Emax ehf.	08/28/01	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
11	Equant á Íslandi ehf.	07/07/04	Gagnaflutningsþjónusta
12	Farice hf.	09/02/03	Sæstrengur
13	Fjarski ehf.	01/24/01	Leigulínuþjónusta og almennt fjarskiptanet.
14	Fjölnet ehf.	10/26/01	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
15	Flugfjarskipti ehf.	07/07/04	Talþjónusta við flugvélar
16	Gagnanet ehf.	01/24/01	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
17	Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	03/23/07	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
18	Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	11/30/06	Gagnaflutningsþjónusta
19	Hátíðni hf.	01/24/01	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
20	Hringiðan ehf./Vortex Inc.	12/03/98	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
21	IceCell ehf.	06/28/07	DCS 1800 farsímaþjónusta og VOIP þjónusta
22	IMC Ísland ehf.	06/27/00	DCS 1800 farsímaþjónusta
23	Internet á Íslandi hf.	02/03/98	Fjarskiptanet, talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
24	IP fjarskipti ehf.	09/15/04	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og stafrænt sjónvarp
25	IPnet ehf.	09/24/07	Símakort og VOIP þjónusta
26	Íslandsmiðill ehf.	08/18/01	Margmiðlunarþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
27	Já upplýsingaveitur ehf.	11/21/07	Útg. síma- og vistfangaskrár. Símauppl.þjónusta
28	Ljóshraði ehf.	08/12/03	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
29	Magnavík ehf.	04/01/04	Gagnaflutningsþjónusta
30	Martel ehf.	10/14/99	Fjarskiptaþjónusta/persónusími um gervitungl
31	Martölvan ehf.	11/26/07	Talsíma, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
32	MetNet ehf.	09/24/04	Gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
33	Míla ehf.	04/04/07	Fjarskiptanet
34	Nepal hugbúnaður	02/21/05	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
35	Netsamskipti ehf.	12/04/02	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
36	Neyðarlínan hf.	10/06/99	Talsímaþjónusta/neyðarsímsvörun
37	Nova ehf.	07/12/06	Talsíma- og gagnaflutningsþjónusta
38	Núll-Níu ehf	03/12/02	Farsímaþjónusta
39	Og fjarskipti ehf.	03/27/07	Talsíma-, gagnaflutnings- og samnetsþjónusta
40	Ódýra Símafélagið ehf.	04/03/06	Fjarskiptaþjónusta
41	Radióvík ehf.	05/14/04	Rekstur kapalkerfis
42	Radíó ehf. - Íslensk fjarskipti	08/22/06	Fjarskiptaþjónusta
43	Ríkisútvarpið	07/29/97	Fjarskiptaþjónusta: Hljóðvarp og sjónvarp
44	Sími og net fjarskipti ehf.	05/19/05	Gagnaflutnings-, talsímaþjónusta og símakort
45	Síminn hf.	07/30/98	Talsímaþjónusta, GSM, NMT og fl.
46	Skyggirnir hf.	10/14/02	Gagnaflutningsþjónusta
47	Skýrr hf.	04/17/02	Gagnaflutningsþjónusta
48	Snerpa ehf.	08/17/00	Fjarskiptanet/ tal- og gagnaflutningsþjónusta
49	Spektra ehf.	10/21/05	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
50	Stykkishólmsbær	05/02/02	Gagnaflutningsnet
51	Svar tækni ehf.	12/21/07	Fjarskiptaþjónusta
52	Tengir ehf.	09/20/02	Ljósleiðaranet
53	Tetra Ísland ehf.	03/10/00	Fjarskiptaþjónusta og fjarskiptanet/TETRA
54	TSC ehf.	01/18/02	Talsíma-, gagnaflutningsþjónusta og fjarskiptanet
55	Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands ehf.	03/29/04	Gagnaflutningsþjónusta
56	Tölvun ehf.	04/25/03	Gagnaflutningsnet og -þjónusta
57	Tölvusmiðjan ehf.	08/21/02	Gagnaflutningsþjónusta og þráðlaust fjarskiptanet
58	Wireless Broadband System ehf.	11/22/06	Þráðlaust IP-fjarskiptanet
59	Þekking - Tristan hf.	01/16/04	Gagnaflutningsnet og -þjónusta

Tíðnum úthlutað 2007 – Frequency allocations

Hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar	30
Fastasambönd (fj. linka)	115
Farstöðvarkerfi á VHF og UHF	222
MF og HF	30
Skammtímahljóðvarp	45
Önnur tímabundin leyfi f. innl. aðila	110
Tímab. leyfi fyrir útlendinga	250
Ýmislegt	100

Starfsemi 2007

Operation

Útgáfa leyfisbréfa fyrir radiótæki Number of radio-equipment licenses issued

1	Flugvélar	124
2	Skip	568
3	Landfarstöðvar á metrabylgju	639
4	Landfarstöðvar á desimetrabylgju	6
5	Landfarstöðvar á millibylgju	0
6	Handstöðvar á metrabylgju	421
7	Handstöðvar á desimetrabylgju	205
8	Landmóðurstöðvar á metrabylgju	6
9	Landmóðurstöðvar á desimetrabylgju	0

Útgáfa skírteina fyrir notendur Number of user licenses issued

1	Fjarskiptaskírteini, flug	116
3	Fjarskiptaskírteini, skip (GOG)	61
5	Amatörar, innlendir	43
6	Amatörar, erlendir	0
7	Amatörar, ýmislegt	27

Úthlutun einkennisnúmera Number of identity numbers assigned

1.	Númer fyrir skip	193
----	------------------	-----

Skoðanir á bátum og skipum - skipting eftir landsvæðum / *Devision according to regional location of boats and ships inspected by PTA*

1	Reykjavík	40
2	Norðvesturkjördæmi	50
3	Norðausturkjördæmi	38
4	Suðurkjördæmi	74
5	Suðvesturkjördæmi	21
6	Skip skráð erlendis	22
7	Skip skoðuð erlendis	3

Radióbúnaðarskoðun í skipum og opnum vélbátum Inspections of radio in ships and open motorboats

1	Bátar styttri en 24 m. Skoðaðir af skoðunarstofum og Siglingastofnun Íslands	1017
2	Bátar lengri en 24. m. og skip	248

Skráðar landstöðvar / *Registered land stations* Fastastöðvar / *Fixed stations*

Metrabylgjustöðvar (VHF)	404
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	75
Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	23
Boðtæki	25

Farstöðvar í bifreiðum *Vehicle stations*

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	440
Metrabylgjustöðvar (VHF)	5464
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	143

Handstöðvar og merkjasendar *Handstations and markers*

Metrabylgjustöðvar (VHF)	4459
Desimetrabylgjustöðvar (UHF)	1022
Merkjasendar (vitar)	44
Ýmis búnaður	138

Stöðvar í skipum *Ship stations*

Millibylgjustöðvar (MF-SSB)	63
Milli- og stuttblylgjustöðvar (Combined MF/HF)	224
Metrabylgjustöðvar (VHF)	2856
Neyðartalstöðvar	657
STK tæki (VHF)	1499
Radarsvarar (UHF)	223
Miðunarstöðvar (MF/HF)	32
Miðunarstöðvar (VHF)	51
Navtex (LF)	253
Neyðarbaujur (406 MHz)	327
Immarsat B	4
Immarsat C	208
Immarsat M	17
AIS	120

Kvartanir vegna truflana *Complaints over disturbances*

33

Markaðshlutdeild ráðandi aðila á símamarkaði 1998–2007
Market shares of the incumbent telecommunications actors 1998–2007

	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007
Almenná símanetið (Fixed network)										
Innanlandssímtöl ¹ (National calls ²)	100,0	99,9	97,7	92,0	87,0	86,6	83,1	83,1	87,5	77,9
Millilandasímtöl (International calls)				85,0	81,0	78,6	82,1	72,4	72,9	67,5
Farsímakerfi (Mobile networks)										
GSM og NMT, samtals (GSM and NMT, total)	89,2	79,0	74,0	70,7	68,0	66,8	67,1	67,2	63,8	62,0
GSM (GSM)	85,0	74,0	70,0	67,1	64,0	63,8	64,5	65,0	61,7	60,1
NMT (NMT)	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Skýring: Hlutdeild Landssíma Íslands á innlendum símamarkaði.

Note: Market share of the incumbent actor, the Iceland Telecom, on the domestic telecommunications market.


¹ Samanlögð hlutdeild í tekjum af innlands- og millilandasímtölum. Share of combined receipts from national and international calls.

² Landið var gert að einu gjaldskrársvæði árið 1998. The country is one tariff area since in the year 1998.

³ Hlutdeild í fjölda notenda í árslok. Share of total number of users at end-of-year.

Heimild: Source: Póst- og fjarskiptastofnun. Source: Post and Telecommunication Administration.

Markaðshlutdeild ráðandi aðila á símamarkaði 1999–2007
Market shares of the incumbent telecommunications actors 1999–2007



Skýring: Hlutdeild Landssíma Íslands á símamarkaði.

Note: Market share of the incumbent actor, the Iceland Telecom, on the telecommunications market.


Samanlögð hlutdeild í tekjum af innanlandssímtölum á fastaneti. Share of combined receipts from national call in fixed networks.

Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun. Source: Post and Telecommunication Administration.

■ Innanlandssímtöl í fastaneti
National calls in fixed networks
■ GSM áskriftir
GSM subscriptions

Símtöl í almenna símanetinu (PSTN/ISDN) og í farsímanetum 1991-2007

Telephone traffic in the fixed network (PSTN/ISDN) and mobile networks 1991–2007




Skýring: Tölur 1991–2007 um símtöl í almenna símanetinu vísa til fjölda skrefa (viðtalsbila), annars til fjölda mínútna.
Figures 1991–2007 on traffic in the fixed networks refer to number of pulses, otherwise to number of minutes.

Heimildir: Sources: Hagstofa Íslands (upplýsingar símafyrirtækjanna), Póst- og símamálastofnunin (Póstmagn og símaumferð) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).

Source: Statistics Iceland (information from the telecommunication companies), Post and Telecommunication Authorities (Post Volume and Telephone Traffic) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Notendalínur í almenna símanetinu 1991-2007

Main telephone lines in the fixed network 1991–2007



Skýringar: Tölur nálgast að sýna fjölda áskrifenda í almenna símanetinu. Skipting milli heimilistenginga og fyrirtækja- og stofnanatenginga eru nálgæðar tölur.
Notes: Figures approach showing the number of telephone subscribers in the fixed network. Distribution between residential and non-residential lines are approximate figures.


Heimildir: EUROSTAT (Communication Services 1980–1992), Póstur og sími og Póst og fjarskiptastofnun.

Ásamt ISDN stofn- og grunn tengingum. Including ISDN basic and ISDN primary lines.

Sources: EUROSTAT (Communication Services 1980–1992), Post and Telecommunication Authorities and Post and Telecommunication Administration.

Símtöl í farsímanetum 2001–2007


Traffic in cellular mobile telephone networks 2001–2007



Heimildir: Hagstofa Íslands (upplýsingar símafyrirtækjanna 1998–2000) og Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna 2001–2003).
Sources: Statistics Iceland (information from the telecommunication companies 1998–2000) and the Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies 2001–2003).

Hlutfallsleg skipting farsímanotenda í árslok 2007


Comparatively division of cellular mobile users in end of year 2007



Skýring: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
Sources: Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Smáskilaboð í farsímanetum 2001–2007


SMS in cellular mobile telephone networks 2001–2007



Skýring: Einungis sendingar innan GSM farsímanetsins. Note: From GSM to GSM only.
Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun. Source: Post and Telecommunication Administration.

Háhraðatengingar (xDSL áskriftir) 2000-2007


Broadband connetions (xDSL subscribers) 2000-2007



Heimildir: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
Source: Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).


Internetáskrifendur í árslok 2007

Broadband subscribers at the end of 2007



Háhraðatengingar (xDSL áskriftir) 2000-2007

Broadband connetions (xDSL subscribers) 2000-2007



Heimildir: Póst- og fjarskiptastofnun (upplýsingar símafyrirtækjanna).
Source: Post and Telecommunication Administration (information from the telecommunication companies).

Póst- og fjarskiptastofnun / Post and Telecom Administration

Rekstrarreikningur árið 2007 / Income statement for 2007

	2007	2006
Tekjur / Operation: Revenue		
Tekjur / Operation: Revenue	185.828.451	171.033.599
	<u>185.828.451</u>	<u>171.033.599</u>
Gjöld / Expenses		
Laun og launatengd gjöld / Salaries and related expenses	177.950.972	162.132.523
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður / Administrative expenses	15.460.904	12.939.608
Funda- og ferðakostnaður / Meetings and travel	12.978.313	14.327.592
Aðkeypt sérfræðiþjónusta / Bought-in expert services	17.061.478	20.089.999
Rekstur tækja og áhalda / Equipment	2.832.218	3.419.464
Annar rekstrarkostnaður / Other operating expenses	8.624.404	8.156.137
Húsnæðiskostnaður / Housing	17.286.858	16.866.972
Félagsgjald til alþjóðastofnana / International membership fees	9.012.971	6.927.403
Bifreiðarekstur / Vehicles	615.725	618.877
Jöfnunargjald / Funding of universal service	7.900.682	23.320.000
	<u>269.724.785</u>	<u>268.798.575</u>
Eignakaup / Purchase of assets	3.008.601	4.175.055
	<u>272.733.386</u>	<u>272.973.630</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	(86.904.935)	(101.940.031)
(Loss) before financial items		
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) / Financial expenses	(2.246.720)	(38.598.832)
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir ríkisframlag	(89.151.655)	(140.538.863)
(Loss) profit before government contribution		
Ríkisframlag / Government contribution	19.000.000	5.000.000
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins / (Loss) profit for the year	<u>(70.151.655)</u>	<u>(135.538.863)</u>

Athugasemd við ársreikning PFS 2007.

Samkvæmt úrskurði Úrskurðanefndar um fjarskipta- og póstmála var Póst- og fjarskiptastofnun gert að endurgreiða oftekin starfrækslugjöld fyrir árin 2003-2006 ásamt

vöxtum, samtals að fjárhæð kr. 80.499.813.- og voru tekjur stofnunarinnar á árinu 2007 færðar niður sem nam höfuðstól endurgreiðslunnar.

Efnahagsreikningur 31. desember 2007 / Balance sheet 31 December 2007

Eignir / Assets	2007	2006
Veltufjármunir / Current assets		
Ríkissjóður / Treasury	0	56.120.802
Viðskiptakröfur / Accounts receivable	42.665.218	87.771.866
Handbært fé / Cash	58.887.333	105.673.762
	<u>101.552.551</u>	<u>249.566.430</u>
Eignir alls / Total assets	<u><u>101.552.551</u></u>	<u><u>249.566.430</u></u>
Eigið fé og skuldir / Equity and liabilities		
Eigið fé / Equity		
Höfuðstóll: / Capital:		
Höfuðstóll í ársbyrjun / Capital at the beginning of the year	101.260.885	236.799.748
Millifært á bundið eigið fé / Transferred to restricted equity	(47.358.449)	0
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins / (Loss) profit for the year	(70.151.655)	(135.538.863)
Höfuðstóll / Capital	<u>(16.249.219)</u>	<u>101.260.885</u>
Annað eigið fé / Other equity:		
Höfuðstóll: / Capital:		
Bundið eigið fé / Restricted equity	47.358.449	0
Eigið fé / Equity	<u>31.109.230</u>	<u>101.260.885</u>
Skuldir / Liabilities		
Skammtímaskuldir / Current liabilities		
Ríkissjóður / Treasury	64.425.873	0
Viðskiptaskuldir / Accounts payable	5.638.521	148.303.193
Aðrar skammtímaskuldir / Other current liabilities	<u>378.927</u>	<u>2.352</u>
Skuldir / Liabilities	70.443.321	148.305.545
Eigið fé og skuldir / Total equity and liabilities	<u><u>101.552.551</u></u>	<u><u>249.566.430</u></u>

Athugasemd við ársreikning PFS 2006.

Samkvæmt úrskurði Úrskurðarnefndar um fjarskipta- og póstmál var Póst- og fjarskiptastofnun gert að endurgreiða Símanum hf. oftekið rekstrargjald af veltu árána 2001-2004 að viðbættum vöxtum, samtals að fjárhæð 80.888 þús. kr.. Þá var stofnuninni einnig gert að

endurgreiða sama fyrirtæki oftekin starfrækslugjöld fyrir árin 2003-2006 ásamt vöxtum, samtals að fjárhæð 59.272 þús. kr.. Heildar endurgreiðslan nam því 140.160 þús. kr. og voru tekjur stofnunarinnar á árinu 2006 færðar niður sem nam höfuðstól endurgreiðslunnar.

Breyting á skipulagi PFS

aukin skilvirkni

Um mitt ár 2007 var skipulagi Póst- og fjarskiptastofnunar breytt á þann veg að Eftirlitsdeild sem hafði séð um markaðsgreiningar og lögfræðileg málefni var skipt upp í tvær deildir; Lögfræðideild og Greiningardeild. Þetta var gert til að til að skerpa línur og ná fram betri árangri í greiningu markaða annars vegar og í úrvinnslu lögfræðilegra mála hins vegar.

Starfsmenn sem störfuðu hjá PFS árið 2007:

Employees

Anna Margrét Sigurðardóttir, kynningarfulltrúi

Ari Jóhannsson stjórn málafræðingur, alþjóðasamstarf

Ársæll Baldursson, viðskiptafræðingur

Birgir Óli Einarsson, hagfræðingur

Bjarni Sigurðsson, verkfræðingur

Björn Geirsson, lögfræðingur, forstöðum. lögfræðideildar

Fjóla Agnarsdóttir, hagfræðingur

Friðrik Pétursson, lögfræðingur

Geir Ragnarsson, verkfræðingur

Guðmundur Ólafsson, verkfræðingur, forstöðum. tæknideildar

Guðríður Sveinbjörnsdóttir, bókarí

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Hörður Runólfur Harðarson, verkfræðingur

Inga Helga Jónsdóttir, lögfræðingur

Ingibjörg Sívertsen, móttaka og símavarsla

Jóhanna Helga Halldórsdóttir, lögfræðingur

Jósef Kristjánsson, skipaskoðunarmaður

Magnús Elías Finnsson, viðskiptafræðingur, forst.m. rekstrardeildar

María Jónsdóttir, fulltrúi

Ottó Winther, viðskiptafræðingur, forstöðum. ráðgjafadeildar

Óskar Hafliði Ragnarsson, lögfræðingur

Óskar Sæmundsson, skipaskoðunarmaður

Óskar Þórðarson, viðskiptafræðingur, forst.m. greiningardeildar

Sigurjón Ingvason, lögfræðingur, forstöðum, eftirlitsdeildar

Sigurður H. Magnússon, tæknifræðingur


Snorri Þór Daðason, viðskiptafræðingur

Stefán Snorri Stefánsson, tæknifræðingur

Þórir Garðarsson, tæknifræðingur

Skipurit Póst og fjarskiptastofnunar 2007

Organisation Chart





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

www.pfs.is